

Yfirlýsing vegna frestunar kjaraviðræðna Norðuráls og stéttarfélaganna er aðild eiga að kjarasamningnum (Félag iðn- og tæknigreina, Verkalýðsfélag Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, VR og Rafiðnaðarsamband Íslands vegna aðildarfélaga).

Norðurál Grundartanga ehf. og stéttarfélögin sem eiga aðild að kjarasamningi við félagið hafa sammælt um að fresta yfirstandandi viðræðum um endurnýjun gildandi kjarasamnings. Ástæða þessa er sú staða sem upp er komin eftir að Félag vélstjóra og málm-tæknimanna (VM) höfðaði mál á hendur Norðuráli þar sem þess er krafist að viðurkennt sé að VM fari með samningsaðild fyrir hönd tiltekinna starfsmanna Norðuráls við gerð kjarasamnings við Norðurál. Ljóst er að náí krafa VM fram að ganga er búið að hrófla við grunnforsendum gildandi kjarasamnings s.s. varðandi forgangsrétt til vinnu þeirra félagsmanna stéttarfélaganna sem aðild eiga að samningnum. Aðalmeðferð málsins verður hjá Félagsdómi þann 11. janúar nk. og er dóms að vænta fljótlega eftir þann tíma. Eru aðilar sammála um að fresta kjaraviðræðunum þar til dómur er fallinn í málinu. Það skal skýrt tekið fram að frestun viðræðna stafar eingöngu af þessum ástæðum og að ágætur gangur hefur verið í viðræðum aðila fram til þessa.

Reykjavík 9. desember 2009



F.h. Norðuráls Grundartanga ehf.


F.h. Félags iðn- og tæknigreina



F.h. Verkalýðsfélags Akraness



F.h. Stéttarfélags Vesturlands



F.h. VR



F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga

